

Fjárlaganefnd Alþingis
Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. maí 2018

Efni: Tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2019-2023, 494. mál á þskj. 716

Fjármálaáætlun grundvallast á því að hlutfall samneyslu í útgjöldum hins opinbera haldist óbreytt næstu fimm ár. Fram kemur að forsenda þessa sé að samið verði um hóflegar launahækkanir á vinnumarkaði. BHM tekur undir ábendingar Fjármálaráðs þess efnis að spáferli fjármálaáætlunar verði endurskoðað, fleiri sviðsmyndir verði lagðar til grundvallar og að afkoma verði leiðrétt fyrir áhrifum hagsveiflna. Ekki er gerð grein fyrir því hver áhrif minnkandi gjaldeyristekna, t.d. af ferðaþjónustu, geti haft á forsendur áætlunarinnar. BHM gerir athugasemdir við að svo virðist sem að í fjármálaáætluninni sé sú kvöð lögð á launafólk í landinu að viðhalda stöðugleika í efnahagslífi og friði á vinnumarkaði.

Í samtali stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins sem hófst um áramótin að frumkvæði forsætisráðherra hefur BHM ítrekað bent á að ábyrgðin á stöðugu efnahagsumhverfi geti ekki einvörðungu hvílt á herðum launafólks í landinu. Slíkur stöðugleiki verður aðeins langvinnur ef stjórn efnahagsmála, peningastefnan og fjármögnun velferðarkerfis er í jafnvægi og um þessa meginþætti ríki samstaða á meðal aðila vinnumarkaðarins.

Í áætluninni eru boðaðar fjárfestingar í innviðum, s.s. samgöngum og fjarskiptum. BHM gerir ekki athugasemdir við nauðsynlegar fjárfestingar á þessu sviði en sér sig knúið til að benda á að fleira fellur undir innviði sem hinu opinbera ber að fjárfesta í. Fjárfesting í heilbrigðis- og menntakerfinu er ekki síður arðbær en sú sem krefst verklegra framkvæmda. Lykillinn að hagsæld hér á landi er góð menntun og fjölbreytt atvinnulíf.

Í nýlegri stefnu BHM (sjá fylgiskjal nr. 1) og ályktunum (sjá fylgiskjal nr. 2) sem samþykktar voru á aðalfundi bandalagsins 8. maí sl. er vikið að mörgum mikilvægum samfélagsmálum sem fjármagna á skv. því sem kveðið er á um í fjármálaáætluninni. Hér á eftir eru athugasemdir BHM við nokkra kafla í fjármálaáætluninni:

- Vinnumarkaðsmál
- Fjármögnun háskólastigsins
- Fjármögnun heilbrigðiskerfisins
- Málefni Lánasjóðs íslenskra námsmanna

Vinnumarkaðsmál

BHM tekur undir það sjónarmið, sem fram kemur í áætluninni, að efla þurfi þverfaglega þjónustu við sístækkandi hóp fólks sem metið er með örorku. Innleiða þarf starfsgetumat í almannatryggingakerfinu og gera fólki kleift að vinna hlutastörf í ríkara mæli en nú er. Í þessu samhengi er mikilvægt að efla sálfélagslega þætti í vinnueftirliti hér á landi og fylgjast náið með þróun álagstengdra tilfella. Mikilvægt er að stofnanir vinnumarkaðarins aðlagist og bregðist við breyttu starfsumhverfi fjölda stétta, m.a. með tilkomu sítenginga og snjalltækja. Þá er mikilvægt að fylgja eftir vitundarvakningu um kynferðisofbeldi og kynferðislega áreitni á vinnustöðum.

Í greinargerð með áætluninni er fjallað um atvinnuleysi. Í því sambandi bendir BHM á að hlutfall háskólamenntaðra meðal atvinnulausra hefur vaxið gífurlega frá aldamótum. Þannig var hlutfall atvinnulausra sem höfðu háskólamenntun 7% árið 2000 en náði 26% árið 2017. BHM fagnar því að leita skuli samstarfs við atvinnulífið um ný störf fyrir háskólamenntaða atvinnuleitendur en undrast að í fjármálaáætluninni skuli ekki birtast nein áform um að taka með skilvirkum hætti á þessari þróun.

BHM tekur undir það að stöðugleiki á vinnumarkaði sé mikilvæg forsenda jafnvægis og hagvaxtar. BHM hvetur til þess að nauðsynlegar umbætur sem nefndar eru í greinargerð með áætluninni snúi að því að greina ástæður óstöðugleika á opinberum vinnumarkaði og ábyrgð ríkisins sem vinnuveitanda.

Í umræðu um stöðugleika á vinnumarkaði og breytingar á hinu íslenska vinnumarkaðslíkani er vert að hafa í huga að hér á landi ríkir kerfislæg mismunun í launasetningu ólíkra starfsstétta. Forsenda sáttar á vinnumarkaði hlýtur að felast í því að aðilar

vinnumarkaðarins viðurkenni að ólík launasetning starfstétta, sem byggir á sögulegum ástæðum, sé óréttlát og að hana þurfi að leiðrétta áður en nýtt og nútímalegra vinnumarkaðslíkan kemst á. BHM lýsir vonbrigðum sínum með að stjórnvöld skuli ekki hafa nýtt fjármálaáætlunina til þess að vísa veginn um það hvernig hægt sé að taka á launasetningu ákveðinna hópa, m.a. kvennastétta, með varanlegum hætti. BHM kallar því enn eftir forystu stjórnvalda við að taka með skilvirkum hætti á ósanngjarnri og óeðlilegri launasetningu háskólamenntaðra starfsstétta.

Fæðingarorlof og barnabætur

Fyrirkomulag fæðingarorlofsmála er eitt stærsta jafnréttismál vinnumarkaðarins. BHM minnir á niðurstöðu starfshóps um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum sem skilaði tillögum til félags- og húsnæðismálaráðherra í mars 2016 og ítrekar stuðning sinn við lengingu fæðingarorlofs úr 9 mánuðum í eitt ár. Fyrirhuguð hækkun á hámarksgreiðslum til foreldra í fæðingarorlofi í 600 þús. kr. er ekki nóg þótt hún sé skref í rétta átt en raungildi þeirrar upphæðar var um síðustu áramót 645 þús. kr. Eðlilegra væri að hækkun hámarksgreiðslu úr Fæðingarorlofssjóði nái a.m.k. hámarksupphæðinni frá 2008 að verðgildi. Að auki bendir BHM á að þak á hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði skekkir stöðu kynjanna á vinnumarkaði og vinnur því gegn öðru aðalmarkmiði laganna. BHM telur æskilegt að mótuð sé metnaðarfull framtíðarsýn sem vísi stjórnvöldum veginn í málaflokknum til lengri tíma.

Í áætluninni er ekki að finna áform um endurreisn barnabótakerfisins. Það er miður. BHM minni á að barnabætur ná ekki til fólks á lágum og meðallaunum, heldur einungis til þeirra allra tekjulægstu. Stjórnvöld geta með skýrri stefnu og sanngjörnum stuðningi við barnafjölskyldur í landinu stuðlað að sátt á vinnumarkaði og lagt sitt af mörkum til að tryggja fjárhagslegt öryggi og velferð barna hér á landi.

Fjármögnun háskólastigsins

Menntun er forsenda framfara á Íslandi og því er mikilvægt að framlög til háskólastigsins séu sambærileg við það sem tíðkast í nágrannalöndunum. Háskólar eru miðstöðvar þekkingar, styrkja innviði samfélagsins og efla samkeppnisstöðu þess.

Samkvæmt fjármálaáætluninni er gert ráð fyrir því að raunvöxtur framlaga til háskólastigsins muni nema 3,2 ma.kr. á tímabilinu eða sem nemur 8% raunvexti frá gildandi

fjárlögum. Þá eru einnig tvö markmið skilgreind sérstaklega fyrir málaflokkinn. Í fyrsta lagi að auka gæði í starfsemi háskóla, rannsóknastofnana og þekkingarsetra og í öðru lagi að efla samstarf háskóla og tengsl við önnur skólastig, atvinnulíf og samfélag.

BHM fagnar raunvexti í framlögum til að styrkja háskólastigið en minnir á og tekur undir með háskólaráði Háskóla Íslands að miðað við núverandi forsendur þyrfti framlag til háskólastigsins að aukast um 5 milljarða hið minnsta á tímabilinu 2019–2023. Aðeins þannig nær Ísland meðaltali OECD-ríkjanna í fjárveitingum til háskóla.

Fjármögnun heilbrigðiskerfisins

Fjármálaáætlunin ber þess merki að enn hefur ekki verið mótuð heildarstefna í heilbrigðismálum hér á landi. Heildstæð stefna í heilbrigðismálum er forsenda þess að endurreisa megi heilbrigðisþjónustuna, hvort heldur er á heilsugæslustöðvum eða sjúkrahúsum. BHM vísar til yfirlýsingar þriggja ráðherra úr ríkisstjórn Íslands frá 12. febrúar 2018 (sjá fylgiskjal nr. 3) og væntir þess að þau fyrirheit sem þar eru gefin verði efnd áður en til nýrra kjaraviðræðna kemur við ríkið á næsta ári. Þar segir að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að mótuð verði markmið og leiðir í heilbrigðismálum í samvinnu við fagstéttir. Gerð verði aðgerðaáætlun til fjögurra ára, sem byggi á mannaflaspá og markmiðum stjórnvalda eins og þau koma fram í fjármálaáætlun.

Um langa hríð hefur fjársveltí opinbera heilbrigðiskerfisins orðið til þess að stofnanir eru ekki samkeppnishæfar um laun eða starfskjör sérfræðinga. Yfirlýsingin gefur von um breytingar til hins betra. Málefnið tengist einnig umræðunni um launamun kynjanna og kynskiptan vinnumarkað. Margar fagstéttir sem starfa í heilbrigðisþjónustu eiga það sameiginlegt að vera að mestu skipaðar konum. Verðmæti háskólamenntunarinnar sem þessar stéttir hafa aflað sér endurspeglast ekki í launasetningu þeirra. Endurmeta þarf laun þessara stétta með tilliti til menntunar. BHM hefði viljað sjá á þessu verkefni tekið í fjármálastefnunni og leggur til að svo verði gert með afdráttarlausum hætti.

Þá vill BHM benda á að fjárveitingar til rekstrar þjóðarsjúkrahússins eru ekki í samræmi við verkefni þess eins og þau eru skilgreind í áætluninni. Vísað er til upplýsinga frá Landspítalanum um að fjárveitingar til rekstrar sjúkrahússins séu 2 milljörðum króna lægri á föstu verðlagi í ár en þær voru árið 2008. Ástand reksturs annarra heilbrigðisstofnana í landinu er einnig mikið áhyggjuefni. Við þetta ástand verður ekki unað lengur.

Málefni Lánasjóðs íslenskra námsmanna

Í fjármálaáætluninni er í kaflanum *Stuðningur við námsmenn* vísað til meginhlutverks Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN), sem starfar samkvæmt lögum nr. 21/1992, en jafnframt bent á að sjóðnum sé einnig ætlað að vera tæki til að fjárfesta í menntuðu vinnuafli og alþjóðlegum tengslum þekkingarsamfélagsins. Skipuð hafi verið verkefnisstjórn um endurskoðun á lögum um LÍN sem hafi það hlutverk að skoða íslenska námslánakerfið í heild sinni og gera tillögu að umbótum þess og þróun með það að leiðarljósi að þróa námsstyrkjakerfi að norrænni fyrirmynd.

BHM styður heildarendurskoðun laganna um LÍN. Brýnt er að þróa og bæta Lánasjóð íslenskra námsmanna og innleiða blandað kerfi styrkja og lána svo fremi sem jafnrétti til náms og námsvals verði tryggt. Það er gagnrýnivert að ekki sé gert ráð fyrir því í áætluninni að breytingar á LÍN geti haft áhrif á útgjöld til málefnasviðsins (Sjá mynd bls. 309 í greinargerð fjármálaáætlunar). Svo virðist sem fjármögnun sjóðsins næstu fimm árin sé vanáætluð. Sé stjórnvöldum alvara í því að þróa námsstyrkjakerfi að norrænni fyrirmynd þá er það álit BHM að útgjaldaraminn dugi ekki til þess. Nema þá aðeins að styrki eigi að veita á kostnað þeirra sem þurfa að taka námslán vegna félagslegra aðstæðna. BHM geldur varhug við slíkri breytingu.

5. FJÁRMÖGNUN

Töluleg umfjöllun um útgjaldaramma málefnasviðsins næstu fimm ár.

	Áætlun 2019	Áætlun 2018	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023
Útgjaldarammi í m kr.					
21 Háskólastig	45.256	45.719	46.470	46.958	47.397

Þá hefur BHM ítrekað bent á mikilvægi þess að BHM eigi fulltrúa í stjórn LÍN og minnir á að létta þarf greiðslubyrði námslána og afnema ábyrgðarmannakerfi að fullu. Bandalag háskólamanna lýsir sig reiðubúið til frekari þátttöku í stefnumótunarvinnu um framtíð LÍN enda ljóst að síhækkandi kostnaður við nám leiðir til nýrra úrlausnarefna. Blasir þar við að skoða þarf sérstaklega að námslán falli niður við töku lífeyris, enda hafi endurgreiðslan staðið yfir alla starfsævina.

Ofangreindir málaflokkar: vinnumarkaðsmál, fjármögnun háskólastigsins og heilbrigðiskerfisins, ásamt málefnum LÍN eiga það sameiginlegt að í fjármálaáætluninni er ekki lögð til raunaukning framlaga til þeirra. BHM brýnir ríkisstjórn og Alþingi til að huga betur að fjármögnun þessara mikilvægu málaflokka. Ef engar breytingar verða gerðar á tillöggunni í meðförum þingsins verður ekki séð hvernig stjórnvöld, ríki og sveitarfélög, hyggist halda úti lögbundinni opinberri þjónustu svo vel sé á næstu fimm árum, né heldur hvernig laða eigi háskólamenntað fólk til starfa hjá hinu opinbera.

BHM leggur til að fjármálaáætlunin verði endurskoðuð m.t.t. athugasemdanna sem raktar eru hér að framan. Fulltrúar BHM eru reiðubúnir til þess að fylgja umsögninni eftir á fundi fjárlaganefndar verði eftir því óskað.

Virðingarfyllst,



Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM

Stefna BHM

Samþykkt á aukaaðalfundi BHM 1. nóvember 2017

Inngangur

Bandalag háskólamanna (BHM) er heildarsamtök stéttar- og fagfélaga háskólamenntaðs fólks á íslenskum vinnumarkaði. Hlutverk bandalagsins er meðal annars að móta sameiginlega stefnu aðildarfélaga í hagsmunamálum þeirra og standa vörð um hagsmuni félagsmanna gagnvart stjórnvöldum og löggjafarvaldi.

Bandalagið hefur mótað sér stefnu í eftirfarandi málaflokkum sem varða sérstaklega hagsmuni háskólamenntaðra á íslenskum vinnumarkaði.

Launa- og kjaramál

BHM leggur áherslu á að kjör og kjarasamningar háskólamenntaðra endurspegli að menntun þeirra og fagþekking sé metin til launa. Framtak og fjárfesting einstaklinga sem liggur í háskólamenntun og hæfni þeirra á að skila sér í launum og kjörum. Menntun skal metin til launa!

BHM telur brýnt að laun háskólafélks í störfum hjá hinu opinbera séu samkeppnishæf við laun á almennum vinnumarkaði. Íslenskur vinnumarkaður þarf að standast alþjóðlega samkeppni og samanburð við nágrannalönd til að geta laðað að sér vel menntað vinnuafl í störf á öllum sviðum atvinnulífsins. Launaákvæðanir skulu byggja á málefnalegu mati og jafnrétti.

BHM vill eiga árangursríkt samstarf við stjórnvöld og aðra aðila vinnumarkaðarins um stefnumótun í kjara- og réttindamálum. Samstarf aðila vinnumarkaðarins um samræmdar launaupplýsingar er lykilatriði enda er það ein forsenda þess að hægt verði að byggja upp íslenskt samningalíkan að norrænni fyrirmynd. Mikilvægt er að sátt verði milli aðila vinnumarkaðarins um allar meiri háttar breytingar á samningsumhverfinu.

BHM telur mikilvægt að efnahagsástand sé stöðugt og byggi á opinberri langtímastefnu sem mörkuð er í samráði við aðila vinnumarkaðarins. Óflugt og framsækið atvinnu- og efnahagslíf, með áherslu á menntað vinnuafl, er ein meginforsenda góðra lífskjara og aukins kaupmáttar ráðstöfunartekna.

Lífeyrismál

BHM er sammála því meginmarkmiði að byggt verði upp sjálfbært lífeyriskerfi í landinu með samræmdri réttindaávinnslu fyrir alla landsmenn. Komi til skerðingar á lífeyrisréttindum vegna kerfisbreytinga skal sú skerðing bætt með launahækkunum. BHM leggur áherslu á að val háskólamanna á lífeyrissjóði sé óháð starfsvettvangi þeirra og aðild að lífeyrissjóði sé bundin sjóðfélaga.

BHM krefst þess að ríki og sveitarfélög standi við samkomulag um breytt fyrirkomulag lífeyrismála frá 2016. Mikilvægt er að laun séu sambærileg milli almenna og opinbera

vinnumarkaðarins. Allir félagsmenn sem voru sjóðfélagar í A-deildum LSR og Brúar fyrir gildistöku breytts fyrirkomulags skulu eiga rétt til lífeyrisauka.

BHM álitur að afnema beri tekjutengingar milli greiðslna úr lífeyris- og almannatryggingakerfinu. Endurskoða þarf örorkubyrði lífeyrissjóðanna. Samtryggingarhluti lífeyrissjóðanna á að vera þriðja stoðin í lífeyriskerfinu, til viðbótar við, en ekki í staðinn fyrir almannatryggingar og viðbótarlífeyrissparnað.

Menntamál

BHM bendir á að háskólamenntun er ein meginforsenda samfélagslegra framfara. Mikilvægt er að jafna aðstöðu fólks og standa vörð um jöfn tækifæri þess til að stunda fjölbreytt háskólanám. Tryggja þarf gæði háskólamenntunar í samræmi við alþjóðleg viðmið.

BHM telur nauðsynlegt að stjórnvöld móti langtímastefnu í menntamálum með virkri þátttöku bandalagsins. Veita þarf auknu fjármagni til háskóla, rannsókna og nýsköpunar svo fjölga megi störfum háskólamenntaðra og efla atvinnulífið. Mikilvægt er að styrkja tengsl háskólamenntunar og vinnumarkaðar.

Málefni stúdenta og Lánasjóðs íslenskra námsmanna

BHM styður hagsmunabaráttu stúdenta og vill eiga gott samstarf við Landssamtök íslenskra stúdenta (LÍS) sem og önnur hagsmunasamtök stúdenta.

BHM kallar eftir því að lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna verði endurskoðuð og fullt samráð haft við bandalagið í því ferli. Bandalagið styður blandað kerfi styrkja og lána svo fremi sem jafnrétti til náms og námsvals verði tryggt. Létta þarf greiðslubyrði námslána og afnema ábyrgðarmannakerfi að fullu. Jafnframt leggur BHM áherslu á að bandalagið eigi fulltrúa í stjórn sjóðsins.

Jafnréttismál og fjölskylduvænn vinnustaður

BHM telur að jafnrétti og jafnræði séu sameiginlegur hagur allra. Í því felst meðal annars að allir njóti jafnra möguleika til menntunar, starfs, framgangs í starfi, launa, réttinda, ævitekna og lífeyriskjara.

BHM krefst þess að kynbundnum launamun verði eytt sem og öðrum ómálefnalegum launamun.

BHM leggur áherslu á að íslenskur vinnumarkaður sé fjölskylduvænn og stuðli að jafnvægi milli atvinnu og einkalífs, óháð fjölskylduaðstæðum.

BHM telur mikilvægt að fólki sé auðveldað að samræma fjölskyldulíf og atvinnu með sveigjanleika í starfi. Skapa þarf betra samræmi milli skólastarfs, fjölskyldulífs og atvinnulífs.

BHM bendir á að hóflegur vinnutími er lykilatriði í samspili fjölskyldulífs og vinnumarkaðar. Því er brýnt að stytta vinnuvíkuna. Einnig þarf að huga að áhrifum tækniþróunar, svo sem sitengingar starfsmanna, á lengd vinnutíma og álag í starfi.

BHM kallar eftir því að réttur til launa í veikindum verði rýmkaður með tilliti til fjölskylduábyrgðar. Endurskoða þarf lög um fæðingarorlof, meðal annars reglur um fjárhæð greiðslna og tímalengd orlofs.

Vinumarkaður framtíðar

BHM bendir á að framundan eru verulegar breytingar á starfsumhverfi háskólamenntaðra, ekki síst vegna tækniframfara og viðhorfsbreytinga í samfélaginu.

BHM kallar eftir auknu samstarfi við stjórnvöld, menntastofnanir og atvinnulífið um greiningu á framtíðarþörfum vinnumarkaðarins og áhrifum tækniframfara á störf háskólafélks.

BHM mun fylgjast vel með þróun þessara mála og vera vakandi fyrir þeim tækifærum sem skapast fyrir háskólamenntaða á vinnumarkaði framtíðar.

Ályktanir aðalfundar BHM 2018

8.5.2018

Á aðalfundi Bandalags háskólamanna (BHM), sem haldinn var í dag, 8. maí 2018, voru samþykktar eftirfarandi ályktanir.

Afnema ber hámark tekjutengdra atvinnuleysisbóta

Aðalfundur BHM 2018 vekur athygli á viðvarandi langtímaatvinnuleysi meðal háskólamenntaðs fólks. Samkvæmt tölum frá Vinnumálastofnun voru 1.118 háskólamenntaðir á atvinnuleysissskrá í mars síðastliðnum, þar af höfðu 469 eða 42% verið lengur en 6 mánuði án vinnu. Langtímaatvinnuleysi getur haft neikvæð áhrif á fjárhag, líðan og heilsu þeirra sem fyrir því verða. BHM telur mikilvægt að stjórnvöld greini framtíðarþarfir vinnumarkaðarins og áhrif tækniframfara á hann. Jafnframt er mikilvægt að efla samstarf menntasamfélagsins við atvinnulífið með það fyrir augum að styðja við nýsköpun. BHM lýsir sig reiðubúið til að taka þátt í samstarfi við Vinnumálastofnun um aðgerðir til að aðstoða háskólafolk í atvinnuleit.

Aðalfundur BHM 2018 ályktar að afnema beri hámark tengjutengdra atvinnuleysisbóta, sem greiddar eru fyrstu þrjú mánuði atvinnuleysis, og hækka grunnatvinnuleysisbætur þannig að þær dugi til framfærslu.

Tjón launþega við gjaldþrot fyrirtækja verði að fullu bætt

Aðalfundur BHM 2018 ályktar að hækka beri hámarksbætur sem Ábyrgðarsjóður launa greiðir vegna vangoldinna launa við gjaldþrot fyrirtækja. Hámarksbætur sem sjóðurinn greiðir eru nú 385 þúsund krónur fyrir hvern mánuð en BHM telur sanngjarnt að sjóðurinn greiði að fullu það tjón sem launþegi verður fyrir við gjaldþrot fyrirtækis sem hann hefur starfað hjá.

Hækka ber hámarksgreiðslur til foreldra í fæðingarorlofi

Aðalfundur BHM 2018 áréttar þá kröfu bandalagsins að lög um fæðingarorlof verði tekin til endurskoðunar, meðal annars reglur um fjárhæð greiðslna og tímalengd orlofs. Núgildandi reglur um hámarksgreiðslur til foreldra í fæðingarorlofi koma í veg fyrir að markmið laganna náist. Hækka þarf hámarksgreiðslur svo tryggt sé að allir foreldrar eigi þess kost að nýta rétt sinn til fæðingarorlofs. BHM styður að fæðingarorlof verði lengt úr 9 mánuðum í 12. Að öðru leyti vísar BHM í skýrslu starfshóps félags- og húsnæðismálaráðherra um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum frá árinu 2016.

Tryggja þarf húsnæðisöryggi ungs háskólafélks

Aðalfundur BHM 2018 lýsir áhyggjum af húsnæðismálum ungs fólks. Viðvarandi húsnæðisskortur hefur þrýst upp húsnæðisverði hér á landi. Þetta á bæði við um kaupverð húsnæðis og leiguverð. Þannig hækkaði vísitala íbúðaverðs um 69% frá ársbyrjun 2013 til ársbyrjunar 2018 og vísitala leiguverðs um 50%. Á sama tíma hækkaði launavísitala um 45% og lán LÍN til grunnframfærslu um 28%. Af þessu leiðir að sífellt erfiðara er fyrir ungt fólk að koma sér þaki yfir höfuðið. Þessi þróun hefur orðið á sama tíma og atvinnuhorfur nýútskrifaðs háskólafélks hafa versnað. BHM skorar á stjórnvöld að leita leiða til að tryggja að ungt fólk

hafi aðgengi að húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Húsnæðisöryggi er forsenda þess að Ísland geti keppt við nágrannalöndin um menntað vinnuafli.

Bætt kjör starfsfólks heilbrigðisstofnana

Aðalfundur BHM 2018 skorar á ríkisstjórn Íslands að efna fyrirheit sem gefin voru í yfirlýsingu þriggja ráðherra frá 12. febrúar 2018 í tengslum við kjarasamninga aðildarfélaga BHM við ríkið. Þar er meðal annars kveðið á um að mótuð verði stefna og aðgerðaáætlun í heilbrigðismálum í samvinnu við fagstéttir með það að markmiði að heilbrigðisstarfsfólk búi við samkeppnishæf kjör. Mjög brýnt er að ráðist verði í þær aðgerðir sem þar eru boðaðar. Þar að auki telur BHM brýnt að kjarabætur nái til alls starfsfólks heilbrigðisstofnana.

Einnig er ástæða til að hafa þungar áhyggjur af lítilli nýliðun meðal sumra stétta háskólamenntaðra heilbrigðisstarfsmanna. Til dæmis má geta þess að á næstu árum mun fjöldi lífeindafræðinga og ljósmæðra fara á eftirlaun og óljóst er hvort takast muni að fylla skörðin. Ef fram heldur sem horfir blasir við alvarlegur skortur á háskólamenntuðum sérfræðingum innan heilbrigðisþjónustunnar innan fárra ára. Við þessum vanda þarf að bregðast án tafar.

BHM fái fulltrúa í verkefnastjórn um endurskoðun laga um LÍN

Aðalfundur BHM 2018 skorar á mennta- og menningarmálaráðherra að skipa fulltrúa BHM í verkefnastjórn sem falið hefur verið að endurskoða lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna (LÍN). Félagsmenn aðildarfélaga BHM eiga mikilla hagsmuna að gæta við endurskoðun á lögnum, ekki síst með tilliti til lánakjara og endurgreiðslubyrði námslána. Því er bæði eðlilegt og nauðsynlegt að BHM taki beinan þátt í þessari vinnu. Jafnframt áréttar fundurinn kröfu bandalagsins um að fá sæti í stjórn LÍN sem fulltrúi greiðenda.

Jöfnun launa milli vinnumarkaða

Aðalfundur BHM 2018 skorar á stjórnvöld að efna fyrirheit um jöfnun launa milli almenna og opinberra vinnumarkaðarins sem gefið var í samkomulagi um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna haustið 2016. Fyrir liggur skýrsla samráðshóps sem falið var að meta hvaða tölfræðigögn og aðferðir þurfi að liggja til grundvallar við jöfnun launa milli markaða. Brýnt er að halda áfram þessari vinnu, meðal annars á grundvelli tillagna samráðshópsins, og ljúka henni fyrir árslok þannig að hægt verði að taka skref í átt til jöfnunar launa milli vinnumarkaða í næstu kjarasamningum stéttarfélaga opinberra starfsmanna við ríki og sveitarfélög.

Aðalfundur lýsir yfir stuðningi við LMFÍ

Aðalfundur BHM haldinn á Icelandair hóteli Reykjavík Natura 8. maí 2018 lýsir yfir stuðningi við Ljósmæðrafélag Íslands í viðræðum félagsins við samninganefnd ríkisins.

Stjórnvöld leysi dagvistunarvandann

Aðalfundur BHM 2018 biðlar til stjórnvalda að leysa þann dagvistunarvanda sem foreldrar/forráðamenn ungra barna standa frammi fyrir eftir að fæðingarorlofi lýkur.



**Yfirlýsing
ráðherra
í tengslum við
kjarasamninga 17 aðildarfélaga
Bandalags háskólamanna**

Fyrirsjáanlegar breytingar á vinnumarkaði vegna breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar munu hafa veruleg áhrif á heilbrigðiskerfið. Einkum mun samkeppni um menntað vinnuafli aukast. Hár meðalaldur margra heilbrigðisstétta er áhyggjuefni í þessu sambandi og því nauðsynlegt að efla nýliðun og þá sérstaklega þegar horft er til vaxandi fjölda starfa sem krefjast háskólamenntunar. Í því augnamiði verður ráðist í sérstakt átak við gerð mannaflaspár fyrir heilbrigðiskerfið til næstu 5 - 10 ára og stefnt að því að ljúka því sem fyrst.

Mikilvægur þáttur í því að fullvinna heilbrigðisstefnu fyrir landið er að skilgreina betur hlutverk einstakra þátta innan heilbrigðisþjónustunnar og samspil þeirra. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að mótuð verða markmið og leiðir í heilbrigðismálum í samvinnu við fagstéttir í þeim tilgangi að stuðla að góðu heilbrigði þjóðarinnar og skapa eftirsóknarverðan starfsvettvang fyrir heilbrigðisstarfsfólk. Lögð verður fram aðgerðaráætlun til fjögurra ára, byggð á mannaflaspá og markmiðum stjórnvalda eins og þau koma fram í fjármálaáætlun.

Í ljósi þessa verður farið, í samráði við aðildarfélög BHM, í umbætur á starfsumhverfi og kjörum heilbrigðisstarfsmanna ríkisins með það að markmiði að heilbrigðisstarfsmenn búi við samkeppnishæf kjör. Störf háskólamenntaðra starfsmanna verði skoðuð sérstaklega með tilliti til samspils kjara og þeirrar menntunar sem starfið krefst.

Reykjavík, 12. febrúar 2018

Katrín Jakobsdóttir,
forsætisráðherra

Bjarni Benediktsson,
fjármála- og efnahagsráðherra

Svandís Svavarsdóttir,
heilbrigðisráðherra